

1. Tilgangur og gildissvið


Tilgangur með verklagsreglunni er að tryggja að Mímir framkvæmi innra mat með jöfnu millibili. Það er gert til þess að meta árangur og gæði skólastarfsins og skoða hvort gæðastjórnunarkerfið samræmist eigin kröfum eða kröfum EQM+. Umbótastarf byggist á langtíma- og skammtímaáætlunum um innra mat, úttektum, árangursmælingum, umbótaverkefnum og gerð árlegra sjálfsmatsskýrsla sem birtar eru á vef Mímis í samræmi við kröfur 14. gr. laga um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 um árangur og gæði fræðslustarfs. Verklagregla þessi gildir um innra mat á starfsemi Mímis.

2. Ábyrgðaraðili

Gæðastjóri ber ábyrgð á að verklagsreglan sé uppfærð, henni sé viðhaldið og að unnið sé samkvæmt henni.

3. Framkvæmd og lýsing

Aðgerð	Ábyrgð	Lýsing
Árleg úttekt		
Langtímaáætlun	Gæðastjóri/ gæðateymi/ framkvæmdastjórn	Gæðastjóri gerir tillögur að langtímaáætlun til fjögurra ára í samráði við gæðateymi og ber undir framkvæmdastjórn til umsagnar og samþykktar. Langtímaáætlun
EYD-001		
Kynna fyrir starfsfólki	Gæðastjóri	Kynnir langtímaáætlun á starfsmannafundi.
Ársáætlun	Gæðastjóri/ gæðateymi	Gæðastjóri vinnur drög að ársáætlun innra mats og leggur fyrir gæðateymið til vinnslu og samþykktar þar sem tekin er ákvörðun um úttektaraðila, viðmið um árangur og tímaáætlanir. Ársáætlun
EYD-002		
Undirbúningur	Gæðastjóri	Útbýr svæði á Teams fyrir vinnuskjöl hvernar úttektar fyrir sig. Á því svæði er frávika- og umbótaskýrsla og þar á að vista öll gögn sem fylgja hverri úttekt. Einnig er þar að finna dagbók sem á að skrá í allar þær framkvæmdir sem farið er í hvað varðar úttekt og umbætur. Frávika- og umbótaskýrsla innra mats Dagbók frávika og umbóta
EYD-003 EYD-004		
Afhending úttekta	Gæðastjóri	Afhendir úttektaraðila þá úttekt sem honum hefur verið falin og veitir honum aðgang að málinu sínu á Teams. Þá ber hann ábyrgð á að viðmið um árangur séu skýr og fylgir eftir tímaáætlun.



4. Tilvísanir í annað efni

[Langtímaáætlun – Innra mat EYD-001](#)

[Ársáætlun – Innra mat EYD-002](#)

[Frávika- og umbótaskýrsla - Innra mat EYD-003](#)

[Dagbók frávika – og umbóta EYD-004](#)

[Hugtakalisti LBE-001](#)

Gögn, fundargerðir og mætingalista vegna fræðslu skal vista í ONE-skjalakerfinu.